



Eflum íslenskt mál til framtíðar  
**STRAUMHVÖRF FYRIR EINKAREKNA FJÖLMÍÐLA**

---

# Heildstæð aðgerðaráætlun til sóknar fyrir íslenska tungu

---

1. Stefnumiðaðar aðgerðir í 22 liðum      Haust 2018 ✓
2. Eflum íslenska bókaútgáfu      Haust 2018 ✓
- 3. Styðjum við einkarekna fjölmiðla      Janúar 2019**
4. Íslenskan í stafrænum heimi      Á áætlun



---

# Stjórnvöldum er **rétt og skylt** að stuðla að upplýstri og opinni almennri umræðu

---

## Markmið

- Þróun og **efling íslenskrar tungu**.
- Efla **tjáningarfrelsi** og lýðræði.
- Auðvelda fjölmiðlum að sinna sínum **samfélagslegu skyldum**.
- Stuðla að **fjölbreytni í fjölmiðlun**.
- Sporna gegn útbreiðslu falsfrétta og upplýsingaóreiðu.

## Ávinningur

- Sterkari staða **íslenskunnar**.
- Upplýst samfélagsumræða, aukin **lýðræðisvitund** og -þátttaka.
- Efling **fjölmiðlalæsis** almennings.
- Aukið **traust** almennings í garð einkarekinna fjölmiðla.
- Sýnilegra **sjálfstæði** fjölmiðla gagnvart auglýsendum og eigendum.



---

# „Ríkisstjórnin mun bæta starfsumhverfi fjölmiðla ...“ (úr stjórnarsáttmála, dags. 30. nóv. 2017)

---

- **Rekstarumhverfi fjölmiðla: tillögur nefndar um bætt rekstarumhverfi einkarekinna fjölmiðla (janúar 2018)**  
Björgvin Guðmundsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Soffía Haraldsdóttir, Svanbjörn Thoroddsen, Hlynur Ingason.
- **Greinargerð fjölmiðlanefndar um aðgerðir til stuðnings einkareknum fjölmiðlum (ágúst 2018)**  
Gylfi Ólafsson ásamt Elfu Ýr Gylfadóttur, Birgi Guðmundssyni, Valgerði Önnu Jóhannssyni, Ragnari Karlssyni og Þorgeiri Ólafssyni.
- **Bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla: Hagræn skoðun (nóvember 2018)**  
Hagrannsóknir sf.
- **Kampen om reklamen**  
Skýrsla Nordicom.
- **Newspapers in the Nordic Media Landscape**  
Skýrsla Nordicom.
- **Den Nordiske mediemodel**  
Samantekt unnin fyrir Norrænu ráðherranefndina.



---

# „Ríkisstjórnin mun **bæta starfsumhverfi fjölmiðla** ...“ (úr stjórnarsáttmála, dags. 30. nóv. 2017)


---

- Horft til íslenskra laga um **tímabundnar endurgreiðslur og stuðning** á afmörkuðum sviðum.
  - Endurgreiðslur vegna útgáfu bóka á íslensku
  - Endurgreiðslur vegna hljóðritana
  - Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar




# Ferill frumvarpsins


1. Frumvarp og fylgigögn aðgengileg á Samráðsgátt stjórnvalda til **15. febrúar**.




2. Gagnsætt ferli, þar sem allar umsagnir birtast jafn óðum og þær eru skrifaðar.



3. Athugasemdir rýndar í ráðuneytinu – frumvarp mögulega aðlagað.



4. Þingleg meðferð.



5. Lögfest á Alþingi.





SKILYRÐI	FYRIRMYNDIR	ATHUGASEMDIR
Fjölmiðill skal vera skráður eða hafa leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar.		Ekki samskonar ákvæði en vísað til annarra laga o.þ.h.
Fjölmiðill hafi starfað óslitið í tólf mánuði eða lengur fyrir þann tíma er umsókn berst til fjölmiðlanefndar.	NO	Áskilnaður um jafn langt tímabil.
Aðalmarkmið fjölmiðils skal vera miðlun fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni.	DK, NO, SV	Alls staðar eru þessir þættir lagðir til grundvallar ásamt fleirum.
Efni fjölmiðilsins skal vera fjölbreytt og fyrir allan almenning á Íslandi.	DK, NO, SV	Sambærileg ákvæði og að auki er tilgreint í sumum tilvikum hvaða miðlar skulu ekki fá styrki.
Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki fjörutíu og átta sinnum á ári. Netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni daglega.	NO, SV	Sama ákvæði í Noregi. Í Svíþjóð er lágmarks útgáfutíðni dagblaða sem fá styrki einu sinni í viku.
Ritstjórnarefni skal að lágmarki vera 40% af því efni sem birtist í prentmiðlum sem dreift er endurgjaldslaust til lesenda. Ritstjórnarefni í öðrum prentmiðlum og hjá netmiðlum skal að lágmarki vera helmingur af birtu efni.	DK, SV	Í Danmörku skal ritstjórnarefni vera minnst 50% og í Svíþjóð 55% (ritstjórnarefni er allt nema augýsingar og þ.h. efni sem greitt er fyrir birtingu á).
Einn sjötti hluti ritstjórnarefnis skal byggja á sjálfstæðri fréttar- eða heimildaöflun.	DK	Í Danmörku skal einn sjötti hluti ritstjórnarefnis byggja á „selvstændig journalistik“.

ENDURGREIÐSLUR		
Gert er ráð fyrir endurgreiðsluhæfur kostnaður verði bundinn við beinan launakostnað blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf.	DK	Nokkuð rýmri reglur í Danmörku um hverjir tilheyri ritstjórn. Hér er viðmiðið óháð miðlunaraðferð, þ.e. dagblað, netmiðill o.s.frv.
Hlutfall endurgreiðslu verði að hámarki vera 25% af kostnaði sem fellur til við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni, þó ekki hærrí en 50 millj. kr. til hvers umsækjanda vegna síðastliðins árs.	DK	Í Danmörku er viðmiðið 35% og hámarksgreiðsla til fjölmiðlaveitu 17,5 millj. DKK á ári.

---

# Stuðningur við einkarekna fjölmiðla

---

- Skal vera samkvæmt **sanngjörnum almennum reglum**, sem eru eins tæknilega óháðar og frekast er unnt.
- Greiddur vegna kostnaðar sem fellur til við **vinnslu og miðlun** fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllunar um samfélagsleg málefni.
- Endurgreiðsla á allt að **25% af beinum launakostnaði** blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf 
- **Hámarksstuðningur** til hvers umsækjenda verði 50 m.kr. á ári 
- Viðbótarstuðningur við **staðbundna miðla** mögulegur.
- Framlag ríkisins nemi 300-400 milljónum kr. á ári.





# Aðalmarkmið fjölmiðils skal vera **miðlun fréttar, fréttatengds efnis** og umfjöllun um samfélagsleg málefni.

---

- Fjölmiðill skal hafa veitt **fullnægjandi upplýsingar um eignarhald og yfirlit**.
- Efni skal vera fjölbreytt og **fyrir allan almenning** 
- Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki **48 sinnum á ári**. Netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir skulu miðla nýju efni **daglega** 
- **Ritstjórnarefni verði a.m.k. 40%** af birtu efni 
- Starfsmenn í **fullu starfi** skulu vera a.m.k. 3 (eða 1 hjá staðbundnum miðlum)
- 1/6 ritstjórnarefnis skal byggja á **sjálfstæðri fréttar- eða heimildaöflun** 
- Fjölmiðill hafi starfað **óslitið í 12 mánuði** eða lengur 
- Fjölmiðill sé **ekki í vanskilum** við opinbera aðila eða lífeyrissjóði.



# Úttekt verði gerð fyrir lok árs 2023

---

- Árangur laganna metinn og horft til eftirfarandi þátta:
  - Staða íslenskunnar
  - Umhverfi einkarekinna fjölmiðla
  - Fagmennska í fjölmiðlum
  - Samfélagslegar skyldur og hlutverk fjölmiðla
  - Traust og trúverðugleiki fjölmiðla

